# Þverfagleg listasmiðja í fjarkennslu

THE GREATEST SHOWMAN

**THIS IS ME! // SVONA ER ÉG!**

**Kennarar**:
Ása Valgerður Sigurðardóttir (tónlist/kór)
Ólafía Linberg Jensdóttir (tónlist/söngur)
Sigríður Eyrún Friðriksdóttir (leiklist/tónlist/dans)

**Nemendur:**

| | |
|---|---|
| Aldur: | 8.- 10. bekkur |
| Fjöldi: | 20 – 25 nemendur |
| Hópaskipting: | 2 hópar - söngur/tónlist & dans |
| | 10 – 12 nemendur í hvorum hóp |

**Staðsetning:**
Kópavogsskóli

**Kennslufyrirkomulag:**
Fjarkennsla

**Forrit í kennslu:**
Við notum tölvuforritið Zoom á námsskeiðinu.
Við veljum að nota Zoom vegna þess að við teljum það vera aðgengilegt þegar margir eru að vinna saman í einu. Og við þekkjum forritið, það hefur reynst vel í fjarkennslu á vorönn 2020 og myndum treysta okkur til að nota það.

**Lýsing:**
Á námskeiðinu vinna nemendur með aðferðir í túlkun á laginu *This is Me* úr kvikmyndinni *The Greatest Showman*. Nemendur geta valið sér áherslur og skipt sér upp í hópa eftir áhugasviði (tónlist eða dans). Þau vinna atriði sameiginlega sem þau kynna á TicToc, Youtube, Instagram eða þeim miðli sem þau vilja vinna með.
Í kennsluáætlun og í fylgiskjölum má finna kveikjur og leiðbeiningar með mismunandi valmöguleikum eftir því hvað valið er.

Við erum að einbeita okkur að því að nemendur læri um sjálfstætt vinnuferli listamanna og að kenna nemendum uppbyggilega gagnrýni í vinnuferli með því að nota til innblásturs aðferðir Liz Lerman sem kallast Critical Response Process. Við notum þessa aðferð þegar við hittum alla nemendur á Zoomfundi þegar nemendur hafa unnið saman í einn dag.

**Tími/umfang:**
Námskeiðið/listasmiðjan er tveir dagar, 2x80 mínútur hvorn dag,
samtals 360 mínútur.

**Markmið:**
Von okkar er að nemendur kveiki á skilaboðum lagsins í sköpunarferlinu - að fagna sjálfum sér eins og maður er - ásamt því að öðlast færni í túlkun á sviði.

Að nemendur þjálfist í að hlusta, taka eftir og meta eigið vinnuframlag sem og annarra með uppbyggjandi gagnrýni að leiðarljósi.

Markmiðið er ekki að vera tilbúin með lokaafurð - heldur erum við að varpa ljósi á vinnuferlið og að nemendur læri af því og fái innblástur og sjálfsstyrkingu til að ráðast í svipaða listsköpun sjálf.

**Hæfniviðmið fyrir námskeiðið:**
Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að hann/hún geti:

- tekið þátt í tónsköpun, samsöng eða samspili sér og öðrum til ánægju
- tekið þátt í að skapa og flytja verk
- veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í vinnuferlinu
- lagt mat á eigið vinnuframlag og samnemenda sinna
- unnið í hóp að fjölbreyttum tónlistar og leiklistar verkefnum
- samhæft tónlist og hreyfingu með góðri líkamsvitund
- sýnt öryggi og færni til að dansa einn eða sem hluti af pari eða hópi,
- tekið þátt í skapandi vinnuferli í dansi, sett saman einfalt dansverk og valið umgerð við hæfi,
- tjáð og túlkað hugmyndir sínar og rætt dans á gagnrýninn hátt
- unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar
- nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt
- notað einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu, hljóð- og tónvinnslu

**Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að**
* takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt
* sjá ný mynstur og hugsa í lausnum
* þroska persónulega tjáningu og

(Aðalnámsskrá grunnskóla (2013), bls. 143)

**Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar:**
* Getur unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna
* Getur hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði

* Getur tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði
* Getur beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt* Getur metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir

(Aðalnámsskrá grunnskóla (2013), bls.142)

**Menntagildi og megintilgangur list- og verkgreina og tengsl við læsi, einn af grunnþáttum menntunar:**
Í list- og verkgreinum tileinka nemendur sér **læsi** á menningu, ferla, myndir, heilsu, hreyfingu, líkamstjáningu og tilfinningar annarra, svipbrigði, blæbrigði í tungumáli og tónum, tækni og hið manngerða umhverfi. Menntun í list- og verkgreinum getur stuðlað að bættu siðferði og þjóðfélagslegri ábyrgð nemenda. Þær eru vettvangur menntunar til sjálfbærni þar sem nemendur vinna með samábyrgð, tilfinningar sínar og annarra, samhengi við aðra menningarheima og eigið umhverfi og náttúru. Er það grunnur að velferð þeirra og virkni í mótun samfélagsins. Jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms stuðlar að jafnrétti nemenda til að finna hæfileikum sínum farveg (Aðalnámsskrá grunnskóla (2013), bls. 140-141).

Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð. Listsköpun opnar einstaklingum fjölbreyttar leiðir til að vinna með hugmyndir, varpa fram spurningum, endurspegla og túlka eigin reynslu og annarra. Í listum geta nemendur rýnt í gildi samfélagsins á ólíkum tímum og mismunandi menningarsvæðum og einnig persónuleg gildi, s.s. gagnvart einstaklingum, fjölskyldu, samfélaginu, vinnu og leik, náttúru og umhverfi, fegurð, ljótleika, ofbeldi og ást (Aðalnámsskrá grunnskóla (2013), bls. 142).

**Kennsluaðferðir**:

- **Kveikja**: til að draga athygli nemandans að efninu
- **Hópvinnubrögð**: til að efla samvinnu, verkskiptingu og úrvinnslu
- **Innlifunar-aðferðir og tjáning**: til að efla innsæi, skapandi hugsun, tjáningu
- **Verklegar æfingar:** til að þjálfa vinnubrögð og efla leikni
- **Útlistunarkennsla**: til að miðla, útskýra, efla skilning, vekja til umhugsunar·
- **Umræðu og spurnaraðferðir**: til að þjálfa nemendur í að tjá sig, þjálfa rökhugsun og taka tillit til annara (Ingvar Sigurgeirsson, 2013)
- **Critical Response Process**: til að þjálfa nemendur í uppbyggilegri gagnrýni (Borstel og Lerman, 2013)

**Kennslugögn**:
Hljóðfæri sem nemendur hafa aðgang að, tölva, hátalari, nótur. Símar, spjaldtölvur eða önnur upptökutæki til að taka upp myndbönd og klippa til.

# KENNSLUÁÆTLUN

**Undirbúningur:**
**Við sendum nemendum lýsingu á námskeiðinu 2 dögum fyrir námskeið svo þau viti um hvað það snýst og geti gert upp við sig í hvaða hóp þau vilja vera.**
*****Sjá fylgiskjal*****

Gott er að nemendur horfi á myndina *The Greatest Showman*. Ef þau hafa ekki séð hana áður fá þau aðgang að myndinni í gegnum bókasafn skólans. Við verðum búnar að panta hana þangað mánuð áður en námskeið hefst. Þá ættu allir að geta horft áður. Hinsvegar er það ekki lykilatriði að sjá myndina til að vinna með atriðið.

## DAGUR 1:

**30 mínútur** **Umræður með hópefli og sjálfsstyrkingu**

*Kennarar ræða við nemendur inná Zoomfundi. Þeir gæta þess að allir láti heyra í sér svo þeir fái sem besta hugmynd um áhugasvið og í hvaða hópum nemendur vilja vera.*
Hver eru skilaboð lagsins varðandi að fagna fjölbreytileikanum?
Hvernig myndu þau fagna fjölbreytileikanum ef þau fengju tækifæri til að gera það á sviði?
Hverjir eru ykkar styrkleikar?
Skrifið niður 3 atriði sem ykkur finnst þið vera góð í.
Hvernig finnst ykkur þið skera ykkur úr fjöldanum?
Er það kannski styrkleiki að vera öðruvísi?

**10 mínútur** Sýnum kveikjur að sviðslistaverkefnum sem hægt er að vinna útfrá laginu.

**10 mínútur** <u>Hópaskipting, 2 hópar um 10 -15 í hvorum hóp.</u>
Í umræðuhlutanum verða kennarar búnir að fá hugmynd um hverjir styrkleikar nemenda eru og geta aðeins stjórnað hvernig hóparnir skiptast. Að því sögðu er mikilvægt að fá upplýsingar frá kennurum nemenda hverjir virka alls ekki vel saman í hóp svo ekki skapist leiðindi. Hópum verður skipt upp eftir áhugasviði og við sjáum um hópaskiptingu í samráði við umsjónarkennara. Kennarar koma með tillögur að verkefnum sem hóparnir geta unnið:

- Söngur/tónlist - nemendur byrja á að læra lag og texta í sitt í hvoru lagi og saman og geta svo skipt sér upp í raddir og æfa lagið þannig þegar þau eru orðin örugg. Það er hægt að láta þau syngi það saman á ZOOM og tak það upp. Við erum með nótur af laginu útsett fyrir fjórradda kór og munum styðjast við það að

einhverju leyti. Einnig eru til smáforrit eins og Acapella sem þau geta nýtt til þess að blanda saman kór.
Þau vinna sjálfstætt en kennari er til staðar á Zoom ef einhverjar spurningar eru og aðstoðar.

- Dans – nemendur æfa dansatriði saman. Þau hittast í skólastofunni eða sal skólans (það er gott svið í miðrými Kópavogsskóla sem hentar fyrir lítinn danshóp). Sjálfstæð vinnubrögð en kennari fylgist með og gefur endurgjöf (e.feedback).

Við gætum þess að allir fái hlutverk við hæfi, söngur, tækniaðstoð (ljós, hljóð ofl), hljóðfæraleikur, (ef enginn spilar á hljóðfæri eða les nótur má nota undirspil af youtube), dans, kynnir/sögumaður, ofl. tilheyrandi.

Kennarar skipta sér á hópana og aðstoða þau við að koma sér af stað með því að fara yfir glærukynninguna sem fylgir hverjum hóp (dans/söng)

**30 mínútúr** Hópar byrja á hugmyndavinnu og jafnvel að æfa atriði.

*Frímínútur 15 mínútur*

**80 mínútúr** Hópar byrja búa til atriði.

Kennarar eru til staðar á ZOOM í tímanum til að svara spurningum ef einhverjar spurningar vakna.

Í lok tímans verða þau tilbúin með eitthvað til að sýna daginn eftir, ekki endilega lokaafurð heldur eitthvað til að segja hinum hópunum frá í byrjun næsta dags. Ræða hvernig hópavinna gengur og fá mögulega tillögur frá öðrum hópum um hvað gæti hjálpað þeim að gera enn betur. Við minnum hópa á að markmiðið er að styrkja hvort annað í listsköpun.

**DAGUR 2:**

**80 mínútur** Hópar kynna atriði fyrir hvort öðru með myndbandsupptöku sem þau gerðu daginn áður eða sýna það/segja frá því í beinni og kennari stýrir umræðum með aðferðum innblásnum af *Critical Response Process*. Aðferðinni er lýst skref fyrir skref hér fyrir neðan.

**Mikilvægt er að nemendur punkti hjá sér endurgjöfina sem þau fá frá hópnum. Þau ráða svo hvað þau gera við þessa punkta, hvort þau nýti það til að endurbæta verkið eða ekki.**

Við mælum með að nemendur hafi *dagbók*, hljóðupptöku eða myndavél (eingöngu til einkanota) við hendina meðan á ferlinu stendur, til að skrá niður hugmyndir, hugleiðingar og fleira fyrir yfirferði í lok dags og lok námsskeiðs/námsmat/sjálfsmat/jafningjamat

*Frímínútur 15 mínútur*

**40 mínútur** Hóparnir fara vinna aftur að verkinu sínu og laga það sem þau vilja laga. Það hjálpar ef þau hafa verið dugleg að taka niður punkta í samtalinu fyrir frímínútur.
Kennari er enn viðstaddur á ZOOM og fylgist með vinnunni og aðstoðar eftir þörfum. Hugsunin er að nemendur geti kallað eftir hjálp en unnið sjálfstætt ef þau vilja það heldur.

**40 mínútur** Hóparnir kynna verkið sitt, lokaafurð.
Miðað er við að hvert verk sé 3-5 mínútur (lagið er tæplega 4 mínútur að lengd) og að það sé pláss fyrir smá spjall í lokin.

**Listamaðurinn**
er sá sem er að skapa verkið, getur líka verið fleiri en einn.
Í þessu tilfelli eru það hópurinn.

**Áhorfendur** (e.*responders)*
eru þeir sem gefa álit sitt og spyrja spurninga um verkið.
Í þessu tilfelli eru það hinir hóparnir.

**Leikstjórnandi** (e.*facilitator*)
er sá sem stýrir umræðunni, í þessu tilfelli kennarinn.

Fyrsti hópur kynnir sitt verkefni. Annaðhvort með því að sýna það sem er búið að æfa í beinni á Zoom eða sýna myndbandsupptöku af því sem komið er. Þegar sýningu/kynningu er lokið er farið í gegnum fjögur skref sem leiða hópinn í gegnum uppbyggilega gagnrýni á því sem verið er að vinna með.

Fyrsta skref - **Merking verksins (e. s*tatements*)**
Í þessu skrefi fá áhorfendur tækifæri til að segja listamönnum hvað var áhugavert, skemmtilegt, merkingabært. Þá hvað hafði merkingu fyrir þá. Það er ekkert gagnrýnt bara talað um hvað hafði áhrif eða merkingu, svo listamennirnir geti áttað sig á því hvað virkaði á fólk og hverju það tekur eftir.

Dæmi: Kennari spyr hópinn hvort eitthvað sérstakt hafi snert þau þegar þau horfðu á sýninguna. Markmiðið er að koma með jákvæð viðbrögð eins og til dæmis: “mér fannst áhugavert hvernig þessi hneigði sig alltaf þegar hann talaði” eða “mér fannst fyndið þegar þessi lét sig detta” Enginn dæmir, bara segir frá hverju hann/hún tók eftir og listamenn fá að finna að það sem þau eru að gera hafi einhverskonar merkingu fyrir þá sem horfa. Í þessu tilfelli gæti það verið: “mér fannst flott hvernig þessi söng” eða “þessi stökk rosalega hátt í splittstökkinu og mér fannst það flott”

Annað skref – **Listamaðurinn sem spyrjandi (e. c*reator*)**

Í þessu skrefi spyrja listamennirnir spurninganna. Verkið gæti verið sena þar sem verið er að leggja annan nemanda í einelti á skólalóð (algengt þema í efstu bekkjum grunnskóla). Þá geta þau valið einhverjar áherslur í verkinu sínu og spurt um þær, hvort skilaboðin hafi komist til skila. Dæmi: “Tengduð þið við það að persóna A hneigði sig alltaf þegar hún talaði við þann sem var að leggja hana í einelti?” Sumir gætu tengt vel við það þema og aðrir ekki. Það sem skiptir máli er að svörin hjálpi listamönnunum að vinna áfram með verkið.
Í þessu tilfelli gæti þetta verið: “tókuð þið eftir því þegar Magga raddaði kaflann sem Siggi söng?” eða “tókuð þið eftir því þegar allir hreyfðust nema Elín í rólega kaflanum?”

Þriðja skref – **Hlutlausar spurningar frá áhorfendum (e.*responders*)**
Í þessu skrefi geta áhorfendur komið með skoðanir sínar á verkinu með hlutlausum spurningum. Þessar spurningar eiga að hjálpa listamönnunum að koma skilaboðunum í verkinu og gildum sínum sem listamenn skýrt til áhorfenda. Þetta eru oft spurningarnar sem listamennirnir þurfa einmitt á að halda svo verkið þeirra þróist.
Dæmi um spurningar sem virka geta verið: “hver var pælingin að láta A standa einan útí horni?” Enginn er að dæma með þessu heldur að gefa listamanninum tækifæri til að ræða það sem hann var að hugsa með því.Dæmi um spurningar sem virka ekki geta verið: “Af hverju varstu að láta A standa einan útí horni?” Þá getur listamaðurinn upplifað það þannig að hann þurfi að verja verkið sitt.
Í þessu tilfelli gætu spurningarnar verið: “Hver var pælingin að láta Arnar syngja einan bæði erindin?” eða “Hver var pælingin að bara helmingur hópsins gerði pirouette í lokin?”

Fjórða skref – **Leyfðar skoðanir (e.*permissioned opinions*)**
Síðasta skrefið gefur áhorfendum tækifæri til að segja skoðun sína á ákveðnum hlutum í verkinu með leyfi listamannanna. Þá getur áhorfandi til dæmis sagt: “ég er með skoðun á búningnum sem A er í, viltu heyra hana?”

Listamenn geta þá gefið leyfi fyrir því eða ekki. Ástæður fyrir því að segja nei geta verið margar. Mögulega er það ekki eitthvað sem hópurinn vill leggja áherslu á. Mögulega eru þau ekki komin nógu langt í sköpuninni til þess að gera það.

**Námsmat - tillögur:**

Mat kennara:

| Nafn nemanda: | Já | Að mestu leyti | Að hluta til | Nei | Á ekki við |
|---|---|---|---|---|---|
| **Nemandi getur tekið þátt í tónsköpun/samsöng/dansi** | | | | | |
| **Nemandi getur veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni** | | | | | |
| **Nemandi getur unnið í hóp** | | | | | |
| **Nemandi getur samhæft tónlist og hreyfingu.** | | | | | |
| **Nemandi getur nýtt sér rafrænt námsefni** | | | | | |
| **Nemandi getur nýtt sér einfaldan hugbúnað/forrit við mynd-, hljóð- og tónvinnslu** | | | | | |

Sjálfsmat:

| Nafn nemanda: | Já | Að mestu leyti | Að hluta til | Nei |
|---|---|---|---|---|
| **Tók ég virkan þátt í vinnuferlinu?** | | | | |
| **Fannst mér efnið áhugavert?** | | | | |
| **Tók ég þátt í umræðum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt?** | | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| **Annað sem ég hef uppgötvað varðandi sjálfa/n mig gegnum verkefnið:** | | | | |

Jafningjamat:

| **Nafn nemanda:** | **Já** | **Að mestu leyti** | **Að hluta til** | **Nei** | **Á ekki við** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Vinnur hópurinn vel saman?** | | | | | |
| **Eru allir í hópnum virkir?** | | | | | |
| **Hef ég lært eitthvað nýtt á þessu ferli?** | | | | | |
| **Var ferlið erfitt?** | | | | | |
| **Ef já, hvað hef ég lært nýtt og hvað var erfitt?** | | | | | |

**Hópur 1 - Söngur:**

**Hæfniviðmið fyrir tónmennt** (Aðalnámsskrá grunnskóla (2013), bls. 150):
Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Þá hefur tónlistariðkun sterka félagslega tilvísun enda verið notuð í gegnum tíðina sem afl til sameiningar eða aðgreiningar fólks. Tónlist getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar. Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl

tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að hann/hún geti:

- tekið þátt í tónsköpun og samsöng sér og öðrum til ánægju
- geta veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í vinnuferlinu
- lagt mat á eigið vinnuframlag og samnemenda sinna
- unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurða
- nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt
- notað einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu, hljóð- og tónvinnslu
- lært laglínu og texta við lagið *This is me* úr kvikmyndinni *The Greatest Showman*
- Unnið sjálfstætt og í hóp
- Nýtt sér æfingar til upphitunar fyrir rödd og líkama

**Námsmat í sönghóp:**

| **Nafn nemanda:** | **Já** | **Að mestu leyti** | **Að hluta til** | **Nei** |
|---|---|---|---|---|
| Nemandi getur tekið þátt í tónsköpun og samsöng | | | | |
| Nemandi getur unnið í hóp | | | | |
| Nemandi getur veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni | | | | |
| Nemandi getur unnið sjálfstætt og í hóp | | | | |
| Nemandi þekkir nokkrar æfingar til upphitunar fyrir rödd og líkama | | | | |
| Nemandi kann lag og texta við lagið *This is me* | | | | |
| Nemandi getir nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni | | | | |

**Hópur 2 – Dans:**

**Hæfniviðmið fyrir dans** (Aðalnámsskrá grunnskóla (2013), bls. 144)**:**
Þótt dansinn hafi mörg og ólík andlit eiga þau það öll sameiginlegt að örva og þroska líkamsvitund, **líkamslæsi** og hreyfigreind einstaklingsins. Dansinn er mikilvæg leið til að hlúa að og örva hreyfi- og rýmisgreind og félagsþroska og veita einstaklingum þannig aukið tækifæri til þroska og mennta. Í líkamanum býr þekking og skilningur á veruleikanum sem í sumum tilfellum er eingöngu hægt að tjá í gegnum hreyfingu .

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að hann/hún geti:

- sýnt öryggi og færni til að dansa einn eða sem hluti af pari eða hópi
- tekið þátt í skapandi vinnuferli í dansi, sett saman einfalt dansverk og valið umgerð við hæfi
- unnið sjálfstætt og í hóp
- tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist
- tekið tillit til jafningja í samstarfi
- nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt
- geta veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í vinnuferlinu

**Námsmat fyrir danshóp:**

| **Nafn nemanda:** | **Já** | **Að mestu leyti** | **Að hluta til** | **Nei** |
|---|---|---|---|---|
| Nemandi getur dansað af öryggi ein og í hópi | | | | |
| Nemandi getur tekið þátt í skapandi ferli og sett saman einfalt dansverk | | | | |
| Nemandi getur unnið sjálfstætt og í hópi | | | | |
| Nemandi getur tjáð sig í dansi og tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist | | | | |
| Nemandi getur nýtt sér rafrænt og gagnvirkt námefni | | | | |
| Nemandi getur veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni | | | | |

**Heimildir:**


Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið (2013). Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Borstel, J. og Lerman, L. (2003). *Critical Responce Process: A method for getting useful feedback on anything you make, from dance to dessert*. Liz Lerman Dance Exchange.

Gracey, Michael. *The Greatest Showman,* DVD. New York City: 20th Century Fox, 2017.

Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluaðferðanna.* Reykjavík: Iðnú.


**Ítarefni/heimildir fyrir kennara:**


Ingimar Ólafsson Waage. (2018). Grunnþættir menntunar, myndlist og mannkostamenntun. Netla – veftímarit um uppeldi og menntun. Sérrit 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af:
http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/05.pdf
https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.18

Jubilee Centre of Character and Virtues. (2017). A Framework for Character Education in Schools. Sótt á: https://www.jubileecentre.ac.uk/userfiles/jubileecentre/pdf/character-education/Framework for Character Education.pdf

Kristján Kristjánsson. (2020). Flourishing as the Aim of Education. A Neo-Aristotelian View. London & New York, Routled


**Kveikjur & ítarefni fyrir kennara og nemendur:**


Fox Family Entertainment. „The Greatest Showman | "This Is Me" with Keala Settle | 20th Century FOX."  Myndband. Sótt 20.apríl 2020
https://www.youtube.com/watch?v=XLFEvHWD_NE&t=72s


**Hvernig hægt er að nýta Zoom í danskennslu - leiðbeiningar fyrir nemendur til að komast inná fundi:**

https://www.youtube.com/watch?v=TGBeHQtUQ28

**Píanókennsla fyrir undirleik:**

https://www.youtube.com/watch?v=ovZh_148zdg

**Dansinn eins og hann er við lagið í myndinni:**

https://www.youtube.com/watch?v=C2Vduw07_dU

**Kennsla á Acapella appið:**

https://www.youtube.com/watch?v=AC2RyVhnqlE&t=610s

**Innblástur:**

https://www.youtube.com/watch?v=RMP6nMDjnKc

https://www.youtube.com/watch?v=DEdHqXCQ6jY

**FLASH MOB útgáfa af This is Me**

https://www.youtube.com/watch?v=4kf0TjPy93I

**Zoom setting fyrir tónlistarkennslu/tónlistarflutning:**

https://www.youtube.com/watch?v=wkG7yOTRIAk

**Að læra nýtt lag:**

https://www.wikihow.com/Learn-a-Song

**Um Character Education / Mannkostamenntun:**

https://www.edutopia.org/blog/film-festival-character-education

https://www.jubileecentre.ac.uk/1700/character-in-the-professions-teaching

**Meira um Character Education:**

https://www.edutopia.org/blog/film-festival-character-education

**Das Arts aðferðin (Critical Response):**

https://vimeo.com/97319636

# THIS IS ME

Words and Music by BENJ PASEK
and JUSTIN PAUL




Copyright © 2017 Breathelike Music, Pick In A Pinch Music and T C F Music Publishing, Inc.
All Rights for Breathelike Music and Pick In A Pinch Music Administered Worldwide by Kobalt Songs Music Publishing
All Rights Reserved Used by Permission


Bm
A/C♯
D
learned to be a - shamed of all my scars Run a - way,
G
Bm
A
they say, no one - 'll love you as you are But
G
A
Bm
A/C♯
I won't let them break me down to dust I know that there's a place for us,
D
A
for we are glo - ri - ous When the


D5
5fr
sharp - est words wan - na cut me down I'm gon - na
Bm7
send a flood, gon - na drown 'em out I am brave,
Gsus2
Asus
I am bruised I am who I'm meant to be This is me
D5
5fr
Look out, 'cause here I come; and I'm march


Bm7
in' on to the beat I drum
I'm not scared
Gsus2
Asus
to be seen I make no a - pol - o - gies This is me
D
A/C♯
Bm7
ODDITIES:
(Oh)
(Oh)
(Oh)
G(add2)
A
(LETTIE:)
LETTIE:
(Oh)
(Oh)
(Oh, oh, oh) An -
(Oh)
(Oh, oh, oh)


Bm A/C♯ D D/F♯
-oth-er round of bul-lets hits my skin Well, fi - re a - way,
G Bm7 A
'cause to-day I won't let the shame sink in We are
Bm A/C♯ D D/F♯
(ODDITIES:)
burst - in' through the bar - ri - cades and reach - in' for the sun (We are
G Bm A
LETTIE:
(ODDITIES:)
war - ri - ors) Yeah, that's what we've be - come
(Yeah, that's what we've be - come)


G A Bm A/C♯
LETTIE/ODDITIES:
I won't let them break me down to dust I know that there's a place for us,
D G A5 5fr
for we are glo - ri - ous When the
D A/C♯
sharp - est words wan - na cut me down I'm gon - na
Bm
send a flood, gon - na drown 'em out I am brave,


G(add2)
A
I am bruised I am who I'm meant to be This is me
D
A/C♯
Look out, 'cause here I come; and I'm march-
Bm
in' on to the beat I drum I'm not scared
G(add2)
A
to be seen I make no a-pol-o-gies This is me


D
A/C♯
(Oh)
(Oh)
Bm
A
Voice
(Oh)
(Oh)
(Oh)
G(add2)
A(add4)
D
LETTIE:
3
This is me
And I
(Oh)
(Oh,
oh,
oh)
(Oh)
3


A/C♯
Bm7
know that I de - serve your love ___ There's
(Oh) ___
(Oh) ___
G(add2)
noth - ing I'm not worth - thy of ___
(Oh) ___
(Oh) ___
(Oh) ___
(Oh, ___
Asus
D5
5fr
LETTIE:
oh, oh) When the sharp - est words _ wan - na cut me down ___


Bm7
I'm gon - na send a flood, gon - na drown 'em out
Gsus2
This is brave, this is bruised This is who
A5
5fr
N.C.
I'm meant to be This is me
D
ODDITIES:
Look out, 'cause here I come;
A/C♯
and I'm march
Lead vocal ad lib. to end


Bm7
in' on to the beat I drum
I'm not scared
Gmaj9
A
LETTIE/ODDITIES:
to be seen, I make no a - pol - o - gies
When -
This is me
D
A/C♯
ODDITIES:
-ev - er the words wan - na cut me down
I'll send the flood to drown 'em out
Bm7
A
ODDITIES:
Oh,


G(add2)
A
D5
5fr
LETTIE/ODDITIES:
oh, oh, oh, oh This is me

# This Is Me

Pasek and Paul

(From the Original Motion Picture "The Greatest Showman")

Arr. Stephen Calgaro




10
So
I know that there's a place for us For we are glo - ri - ous When the
S
OooOhh Shh
A
OooOhh Shh
T
OooOhh Shh
B
OooOhh Shh
14
So
shar-pest words wan na cut me down I'm gon na send a flood, gon na drown them out I am brave,
S
unn Shh unn
A
unn Shh unn
T
unn Shh unn
B
unn Shh unn


18
So
I am bruised I am who I'm meant to be this is me. Look out 'cause here I come and I'm mar-
S
Ooo
Ohh
A
Ooo
Ohh
T
Ooo
Ohh
B
Doo
Doo
Doh
22
So
- ching on to the beat I drum I'm not scared to be seen I make no a - po - lo gies this is me.
S
Ohh
ahh
A
Ohh
ahh
T
Ohh
ahh
B
Doh
Doh
dah


♩ = 96
26
So
S
A
T
B
Oh whoa oh whoa
Ohh Ohh Ohh Oh whoa oh whoa
Ohh Ohh Ohh Oh whoa oh whoa
Oh Oh Oh Oh Ohh
Doh doh doh doh doh doh doh
31
oh - oh A - no-ther round of bul-lets hits my skin Well fire a - way
oh - oh Round of bul - lets hits my skin Ohh
oh oh Round of bul - lets hits my skin Ohh
Round of bul - lets hits my skin Ay
Dm...


34
So
S
A
T
B
'cause to-day I won't let the shame sink in We are
Oh Oh Ay ay
36
bur-sting through the bar-ri-cades and rea-ching for the sun Yeah that's
Bur-sting through them We reach for the sun We are war-ri-ors! Yeah
Bur-sting through them we reach for the sun We are war-ri-ors! Yeah
39
what we've be-come
Yeah that's what we've be I won't let them break me down to dust I know that there's a place for us
Yeah that's what we've be-come


42
So
For we are glo - ri - ous
S
Clap
For we are glo - ri - ous
When the shar - pest words wan-na cut me down
A
Clap
For we are glo - ri - ous
Ohh
T
Clap
For we are glo - ri - ous
Ohh
B
Clap
Doh...
45
S
I'm gonna send a flood, gon-na drown them out
I am brave,
A
Words won't cut me down
Drown them out I am brave,
T
Ay - oh ay - oh ay - oh down
Ay - oh ay - oh I am brave,
B
48
S
I am bruised I am who I'm meant to be this is me.
Look out 'cause here I come
A
I am bruised I am who I'm meant to be this is me.
Ahh
T
I am bruised I am who I'm meant to be this is me.
Ahh
B
Shh
Dah...


51
S
and I'm mar - ching on to the beat I drum
A
Look out 'cause here I come
T
Look out 'cause here I come
B
53
S
I'm not scared to be seen I make no a - po - lo gies this is me.
A
Mar ching on to the beat I'm not scared to be seen I make no a - po - lo gies this is me.
T
Mar ching on to the beat I'm not scared to be seen I make no a - po - lo gies this is me.
B
56
So
Oh whoa oh whoa
S
oh whoa
A
oh whoa
T
Ohh Ay - oh ay - oh ay - oh Ohh Ay - oh ay - oh ay - oh Oh whoa oh whoa
B
Doh...


61
So
oh - oh When the shar - pest words wan-na cut me down I'm gon-na
S
oh - oh Mm
A
oh - oh Mm
T
oh - oh Mm
B
64
send a flood, gon na drown them out I am brave, I am bruised I am who I'm meant to be this is me.
68
Look out 'cause here I come and I'm mar-
Ahh Look out 'cause here I come
Ahh Look out 'cause here I come
Dah...


71
So
S
A
T
B
I'm not scared
- ching on to the beat I drum
Mar-ching on to the beat I'm not
73
to be seen I make no a - po - lo gies This is me!
to be seen I make no a - po - lo gies
Look out 'cause here I come
scared to be seen I make no a - po - lo gies
Look out
Dah...
Hd. Clp.


76
So
S
A
T
B
Hd. Clp.
and I'm mar - ching on to the beat I drum
I'm not scared
here I come Mar - ching to the beat I drum
here I come Mar - ching to the beat I drum
79
to be seen I make no a - po - lo gies this is me.
Look out 'cause here I come
Ahh this is me. Look out
Ahh Look out


82
So
S
and I'm mar - ching on to the beat I drum I'm not scared to be seen I make no
A
here I come Mar - ching to the beat I drum Ahh
T
here I come Mar - ching to the beat I drum Ahh
Hd. Clp.
86
So
S
a - po - lo - gies this is me.
A
this is me.
T
this is me.
B
this is me.
Hd. Clp.

# THIS IS ME

## *Söng- &/eða dansnámskeið í fjarkennslu*



Einstakt tækifæri fyrir nemendur Kópavogsskóla að æfa atriði úr kvikmyndinni *The Greatest Showman!*

Þrír listgreinakennarar úr Listaháskóla Íslands bjóða uppá námskeið þar sem nemendur fá þau tól sem þau þurfa til að æfa atriði úr söngleik og kynna fyrir samnemendum sínum.

Unnið verður með lagið *This is Me* þar sem sungið er um að fagna fjölbreytileikanum og sjálfum sér. Markmiðið er að nemendur taki með sér meira sjálfstraust og trú á sjálfum sér í lok námskeiðisins.

Við einbeitum okkur að styrkleikum hvers og eins og því er mikilvægt að áður en námskeið hefst verði nemendur búnir að ákveða hvort þau vilji vinna með söng, dans, söng&dans, eða aðstoða við tæknilegu hliðina eins og myndbandsupptökur og að klippa saman myndband.

Við hlökkum til að sjá ykkur sem flest!

Kveðja,

Ása, Ólafía og Sigga